



447.fundur í Þingvallanefnd

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti miðvikudaginn 21. nóvember 2018, kl. 11:30. Mættir voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Karl Gauti Hjaltason, Líneik Anna Sævarsdóttir og Guðmundur Andri Thorsson.

Fundinn sátu einnig Einar Á.E.Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Hildur Hafsteinsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir: Lilja Jónasdóttir lögmaður og Guðjóna B. Sigurðardóttir rekstrarstjóri þjóðgarðsins.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Sumarbústaðarmál. Valhallarstígur N. 7.

Þingvallanefnd féll frá forkaupsrétti að fasteign við Valhallarstíg nyrðri nr. 7 í þjóðgarðinum á Þingvöllum og heimilaði framsal lóðarleiguréttinda með vísan til erindis frá lóðarleiguhafa dags. 8.10.2018. Ekki var tekin afstaða til tilboðsverðs.

Samkvæmt upplýsingum frá byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er byggingarleyfi á lóðinni fallið niður. Skal lóðarleiguhafi sækja að nýju um byggingarleyfi til Þingvallanefndar, í samræmi við ákvæði byggingarskilmála Þingvallanefndar dags. 17.11.2010, hyggist hann hefja framkvæmdir á lóðinni.

Gjábakki 2 og 7. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

2. Ársreikningur 2017, útkomuspá 2018 og drög að rekstraráætlun 2019.

Hildur Hafsteindóttir fjármálastjóri fór yfir ársreikning 2017 ásamt útkomuspá 2018. Guðjóna B. Sigurðardóttir rekstrarstjóri fjallaði um helstu áhrifaþætti í rekstri þjóðgarðsins.

3. Stefnumörkun.

Þjóðgarðsvörður fór yfir helstu atriði í umsögnum og breytingum í stefnumörkun. Formaður gefur nefndarmönnum frest til 28. nóvember til þess að koma að sínum athugasemdum við fyrirbyggjandi drög.

4. Stækkun þjóðgarðsins -umfjöllun frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál.

- Kynning á dagskrá þann 1. desember á á Þingvöllum.

Hátíðarguðspjónusta í Þingvallakirkju og afhjúpun á nýjum skiltum í sýningu undir heitinu: Friðun og fullveldi.

- Erindi frá Ársæli Valfells vegna mögulegrar hitaveitu frá Nesjavöllum. Þingvallanefnd þakkaði erindið og óskaði eftir því að fá að fylgjast með framgangi mála og að hugað verði að umhverfispáttum tengdum niðurfalli vatns á svæðinu norðan og vestan Þingvallavatns. Formaður gat þess að heita vatnið frá Nesjavöllum er upphitað grunnvatn sem hefur minni umhverfisáhrif en vatn úr hitaveitu.
- Þjóðgarðsvörður lagði fram minnisblað frá HSU um samstarf við neyðarviðbragðsaðila á Þingvöllum. Fram kom að almenn ánægja beggja aðila er með þetta samstarf sem hefur þegar sannað sig við ýmis atvik sem hafa orðið.

Ekki fleira gert og fundi slitið.